

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir sviðstjóri

*Efni: Umsögn um tillögu um aksturþjónustu á félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara-
R19060229*

Þann 27. júní 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi tillögu um aksturþjónustu á félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara:

„Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að Reykjavíkurborg bjóði eldri borgurum að hringja á félagsmiðstöðina sína og biðja um að láta sækja sig í félagsstarfið. Ef þeir af einhverjum ástæðum geta ekki komið sér sjálfir þann daginn væri aksturþjónusta lykillinn að félagslífi þeirra. En til þess að þetta virki vel, þarf þessi þjónusta að vera tiltæk og að ekki sé nauðsynlegt að panta hana fyrirfram. Viðkomandi er síðan ekið heim eftir á, þegar hann óskar. Hægt er að hafa einhverja lágmarksupphæð fyrir hverja ferð. Möguleiki væri að hanna einhvers konar áskrift á aksturþjónustu. Ítrekaður leigubílakostnaður, væri öldruðum ofviða og væri líklegur til að hindra eða draga úr þátttöku í félagslífi sem væri samt brýn þörf fyrir. Félagslíf eykur virkni og og vellíðan og minnkar þörf fyrir lyf svo það er nauðsynlegt að ýta undir félagslífið“.

Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs og barst hún velferðarsviði 28. júní sl.

Velferðarsvið tekur undir mikilvægi þess að eldri borgarar hafi greiðan aðgang að samgöngum til að stuðla að hvers kyns virkni og þátttöku í félagslífi. Þeir eldri borgarar sem ekki hafa aðgang að eigin bifreið eða eru ófærir um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar stendur til boða akstur m.a. í félagsstarf. Strætó bs. sér um framkvæmd akstursins fyrir velferðarsvið og hægt er að panta ferðir með tveggja tíma fyrirvara í gegnum þjónustuver alla virka daga frá 07:00 til 18:00 og um helgar frá kl 09:00 til 14:00. Einnig er hægt að panta ferðir á netinu, en vefþjónusta Strætó veitir eldri borgurum greiðan aðgang að upplýsingum um bókaðar ferðir og gerir þeim einnig mögulegt að bóka og afbóka þar.

Akstursþjónustan er í boði á virkum dögum frá kl. 6:30 til kl. 01:00, laugardögum frá kl. 8:00 til kl. 01:00 og sunnudögum frá kl. 11:00 til kl. 01:00.

Starfsfólk þjónustumiðstöðva velferðarsviðs aðstoðar eldri borgara við að sækja um akstursþjónustu, sem nú er einnig hægt að gera með rafrænum hætti og starfsfólk félagsmiðstöðva og heimaþjónustu aðstoðar þá sem þess þurfa, stuðning við að panta ferðir hjá Strætó m.a. til að sækja félagsstarf.

Velferðarsvið þarf svigrúm til að kostnaðarmeta tillöguna og skoða hugsanlegar útfærslur. Til þess að geta boðið eldri borgurum að hringja á félagsmiðstöðina sína og biðja um að láta sækja sig í félagsstarfið án fyrirvara og keyrt aftur heim þegar þess er óskað yrði bæði bílstjóri og bíll að vera til taks á hverri félagsmiðstöð eða í hverju hverfi. Í dag er rekið félagstarf á 17 félagsmiðstöðum í öllum borgarhlutum. Kostnaður fælist í stöðugildi bílstjóra og rekstri bíla.